# Tillaga að breyttu aðalskipulagi og tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Traðarreit eystri.

**AUGLÝSING** 23. maí 2020.



# Fylgiskjal 16.

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



# BARINNRÉTTING

óskast til kaups fyrir veitingastað.

Ýmis stílbrigði og stærðir koma til greina, með eða án barstóla og annarra innréttinga.

**Upplýsingar í síma 862-8019.**

# Auglýsing um breytingar á skipulagi í Kópavogi

**Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.**
**Traðarreitur - eystri, þróunarsvæði fyrir íbúðarbyggð.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 24. mars 2020 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2020 fyrir Traðarreit - eystri (B29). Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af Álftröð í austur, Digranesvegi í suður, lóðarmörkum Kópavogsskóla í vestur og Hávegi í norður. Í gildandi aðalskipulagi er umrætt svæði skilgreint sem íbúðarsvæði. Stærð skipulagssvæðisins er um 9.000 m2 og á því standa nú 8 íbúðarhús með samtals 12 íbúðum sem byggð eru á árunum 1952 til 1955. Í framlagði tillögu er gert ráð fyrir óbreyttri landnotkun en svæðið verði skilgreint sem þróunarsvæði þar sem byggðar verði allt að 180 íbúðir í tveggja til fjögurra hæða fjölbýlishúsum með kjallara og inndreginni þakhæð. Gert er ráð fyrir allt að 200 m2 atvinnuhúsnæðis á jarðhæð með aðkomu frá Álftröð. Samkvæmt tillögunni er áætlað nýtingarhlutfall svæðisins ofanjarðar 2,45 og með kjallara 3,70. Í tillögunni er miðað við 1,3 bílastæði á íbúð og 1 bílastæði á hverja 50 m2 atvinnuhúsnæðis. Tillagan er sett fram í greinargerð ásamt umhverfisskýrslu dags. í mars 2020. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Deiliskipulag.**
**Traðarreitur – eystri.**
Í samræmi við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Kópavogs var á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 24. mars 2020 samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Traðarreit - eystri í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nánar tiltekið afmarkast deiliskipulagssvæðið af Digranesvegi í suður, lóðamörkum Kópavogsskóla í vestur, Hávegi í norður og Álftröð í austur. Stærð skipulagssvæðisins er um 9.000 m2 og á því standa nú 8 íbúðarhús með samtals 12 íbúðum sem byggð eru á árunum 1952 til 1955. Í framlagði tillögu er gert ráð fyrir að byggðar verði allt að 180 íbúðir í tveggja til fjögurra hæða fjölbýlishúsum með kjallara og inndreginni þakhæð. Gert er ráð fyrir allt að 200 m2 atvinnuhúsnæðis á jarðhæð með aðkomu frá Álftröð. Samkvæmt tillögunni er áætlað nýtingarhlutfall svæðisins ofanjarðar 2,45 og með kjallara 3,70. Í tillögunni er miðað við 1,3 bílastæði á íbúð og 1 bílastæði á hverja 50 m2 atvinnuhúsnæðis og að Skólatröð milli Digranesvegar og Hávegar verði lokað fyrir almenna umferð ökutækja. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000, ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum dags. 16. mars 2020. Tillögun fylgir jafnframt minnisblað VSÓ Ráðgjöf, Traðarreitir, - umferðargreining dags. 16. mars 2020; minnisblað VSÓ Ráðgjöf Traðarreitur B29, Hljóðvistarreikningar, dags, 16. mars 2020; Digranes í Kópavogi; Traðarreitur B29 áður Álftröð 1-7 og Skólatröð 2-8, Húsakönnun, dags. í nóvember 2019 unnin af Tark-arkitektum og Digranes í Kópavogi - Traðarreitur B29, Nágrannabyggð Digranesvegur og Hávegur, nóvember 2019 unnin af Tark-arkitektum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur að skipulagi Traðarreits - eystri; tillaga að breyttu aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi eru auglýstar samtímis og eru aðgengilegar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 20. júlí 2020.

Vakin er sérstök athygli á því að á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is undir ***íbúar, skipulagsmál*** og síðan ***skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu*** eru gögn málsins. En frá og með 27. maí nk. verður upptaka af kynningu á ofangreindum tillögum jafnframt aðgengileg á heimasíðunni þar sem tillögurnar verða útskýrðar nánar. Fimmtudaginn 25. júní 2020 og fimmtudaginn 9. júlí milli kl. 17:00 og 18:00 verða síðan starfsmenn skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs ennfremur með ***opið hús*** í Safnaðarheimili Kársnessóknar Borgum við Hábraut 1A þar sem tillögurnar verða kynntar sérstaklega þeim sem þess óska.

*Skipulagsstjóri Kópavogs*

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2020-2021 Útboð I**, EES útboð nr. 14872.
- **Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2020-2021 Útboð II**, EES útboð nr. 14873.
- **Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2020-2021 Útboð III**, EES útboð nr. 14874.
- **Ámokstur á salti 2020-2021, EES útboð nr. 14875.**
- **Götusalt 2020-2021**, EES útboð nr. 14876.
- **Vetrarþjónusta gönguleiða 2020-2023, vesturhluti**, EES útboð nr. 14877.
- **Eggertsgata. Gatnagerð og veitur 2. áfangi 2020**, útboð nr. 14883

Nánari upplýsingar er að finna á
***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
**Innkaupaskrifstofa**
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
**Sími 411 1111**
Netfang: utbod@reykjavik.is

HVERAGERÐISBÆR

# ÚTBOÐ

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið:

## Bílastæði Árhólma

Verklok eru: 7. september 2020

Verkið felur í sér gerð á bílastæðum við Árhólma í Ölfusdal. Um er að ræða 117 bílastæði, tvö stæði fyrir fatlaða, tvö bílastæði fyrir hleðslu rafbíla og þrjú rútustæði langs með Ölfusvegi.

Taka skal upp úr núverandi landi óburðarhæf efni sem liggja hærra en 60 cm frá hönnuðu yfirborði. Upptekið efni notast í fláa og landmótun á verkstað.

Fylla styrktarlag, burðarlag og malbika yfirborð. Steypa kantsteina, um er að ræða 12 cm. kantstein sem er sundurslitin fyrir náttúrulega afvötnun.

Mála skal merkingar bílastæða þ.e. línur og ferninga með viðeigandi táknum fyrir fatlaða og hleðslustöð.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| **Gröftur** | **250** | **m3** |
| **Styrktarlag** | **3099** | **m3** |
| **Burðarlag** | **332** | **m3** |
| **Malbik** | **3325** | **m2** |
| **Ídráttarrör Ø110 mm** | **20** | **m** |
| **Ídráttarrör Ø50 mm** | **120** | **m** |
| **Kantsteinar** | **407** | **m** |
| **Máluð lína** | **605** | **m** |
| **Merking fatlaðir og hleðslustöð** | **63** | **m2** |

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 25. maí 2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu Suðurlandi í síma 412 6908, eða með tölvupósti á netfangið bardur.arnason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20, 810 Hveragerði **fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 9 júní 2020**, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

***Byggingarfulltrúi Hveragerðisbæjar***